

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/773
komudagur 4.12.2007

Hr. Pétur H. Blöndal, alþingismaður
Form. efnahags- og skattanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Umsögn varðandi frumvarp til laga um breytingar á lögum um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum. Þingskjal 267, 237 mál.

Starfsmannaráð flutningskyldra starfsmanna utanríkisþjónustunnar vill koma eftirfarandi umsögn á framfæri við ofangreint frumvarp til laga, sem nú er til umfjöllunar í efnahags- og skattanefnd:

Í 8. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands, er sendifulltrúum ásamt aðalræðismönnum skipað í sama flokk og skrifstofustjórum.

Í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70/1996, segir í 22. gr. að embættismenn teljist vera "Forsetaritari, ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar í Stjórnarráði, sendiherrar og sendifulltrúar í utanríkisþjónustunni."

Samkvæmt þessu er ljóst að sendifulltrúar og skrifstofustjórar í Stjórnarráðinu hafa skv. lögum haft sömu stöðu til þessa, en með því að undanskilja sendifulltrúa frá úrskurðarvaldi kjararáðs er ljóst að skapast getur mikil óvissa um kjör sendifulltrúa og staða þessara hópa getur vart lengur talist sambærileg eins og verið hefur hingað til.

Í athugasemdum með frumvarpinu eru m.a. færð rök fyrir því að skrifstofustjórar í Stjórnarráðinu skuli falla undir úrskurð kjararáð með því að þeir njóti ekki verkfallsréttar. Sendifulltrúar í utanríkisþjónustunni, sem og reyndar allir starfsmenn þjónustunnar, eru hins vegar einnig undanskildir verkfallsrétti og eiga þessi sömu rök því einnig við um sendifulltrúa, sbr. lög nr. 94/1984 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.






Í þessu sambandi er einnig rétt að fram komi að sendifulltrúar á sendiskrifstofum Íslands erlendis, sem eru varamenn sendiherra, gegna sambærilegu hlutverki og skrifstofustjórar í Stjórnarráðinu, og hafa með höndum rekstrar- og starfsmannamál sinnar sendiskrifstofu.

Í ljósi þessa og til að eyða allri óvissu um kjör þessa hóps og til að tryggja að kjör þeirra verði sambærileg og ákvörðuð með sambærilegum hætti og skrifstofustjóra, er lagt til að

“sendifulltúum í utanríkisþjónustunni” verði bætt við upptalninguna í 1. gr. frumvarpsins, þannig að ekkert fari á milli mála og allri óvissu um þetta verði eytt. Til vara að það komi fram í athugasemdum við frumvarpið að sendifulltrúar falli undir “annarra ríkisstarfsmanna” í skilningi þessa ákvæðis.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd Starfsmannaráðs FSS, FHSS og starfsmanna sem falla undir Kjararáð:

 Helga Hauksdóttir	 Benedikt Jónsson	 Sigríður Gunnarsdóttir
 María Erla Maríesdóttir	 Þórður Bjarni Guðjónsson	 Jónína Sigmundsdóttir

cc. 1) Fjármálaráðherra
2) Utanríkisráðherra